

Starfsáætlun Hádegishöfða

2026-2027



„Menntun hugans án menntunar hjartans er alls engín menntun“

Aristóteles

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Formáli	3
Greinargerð skólastjórnenda	4
Leiðarljós leikskólans	6
Skólastarfið, stefnur og straumar leikskólans	6
Almennt um Hádegishöfða	7
Mannauður	7
Áherslur í samstarfi	7
Starfsfólk	8
Fundir og samráð	8
Starfs- og námskeiðsdagar	9
Hagnýtar upplýsingar	9
Heildarfjöldi og fjöldi á deildum	9
Aðlögun og flutningur á milli deilda	9
Viðbótarkennsla Hádegishöfða 2026 - 2027	9
Húsnæði, lóð og öryggismál	10
Foreldrasamstarf	10
Áherslur á skólaárinu	10
Þátttaka foreldra í skólastarfinu	10
Fræðsla og upplýsingar til foreldra	11
Foreldrafélag	11
Foreldraráð	11
Áheyrnafulltrúar í fjölskylduráði	11
Samstarf	12
Fjölskyldusvið – Skóla- og frístundaþjónusta	12
Nemar	12
Samstarf við Fellaskóla	12
Annað samstarf	12
Lokaorð	13

Formáli

Leikskólinn er fyrsta skólastigið á Íslandi og upphaf formlegrar menntunar barna. Fyrstu aldursárin eru mikilvægur tími í þroska einstaklinga en þar er grunnur lagður að öllum öðrum þroska sem á eftir kemur. Leikskólanum ber í samstarfi við foreldra að skapa öllum börnum hvetjandi og hollt uppeldisumhverfi, fylgjast með og efla alhliða þroska þeirra auk þess að stuðla að vellíðan þeirra og öryggi. Leggja ber áherslu á styrkleika barnanna og hæfni og litið er á þau sem fullgilda þátttakendur í skólasamfélaginu. Í skólastarfinu mynda hugtökin uppeldi, menntun og umönnun eina heild þar sem börnum er sýnd virðing og umhyggja. Í öllu leikskólastarfi ber að horfa til þátta er stuðla að farsæld barna og velferð þeirra.

Starfsáætlun þessari er ætlað að gefa innsýn í þær áherslur og markmið sem sett hafa verið fyrir skólastarf á Hádegishöfða skólaárið 2026-2027 og byggja m.a. á lögum um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla, ríkjandi áherslum í kennslufræði leikskóla sem og sérstökum áherslum skólans og sveitarfélagsins.

Greinargerð skólastjórnenda

Á liðnu skólaári höldum við áfram að innleiða jákvæðan aga í skólastarfið hjá okkur með áherslu á vinnu með lausnahringinn en 4 starfsmenn tóku þátt í menntafléttunni þar sem fjallað var um vinnu með lausnahringinn í skólastarfi. Jafnframt vorum við þátttakendur í þróunarverkefninu „Með leikinn að leiðarljósi“ ásamt öðrum leikskólum í Múlaþingi og Vopnafirði og Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Þar höfum við verið að vinna að eflingu lærdómssamfélags Hádegishöfða þar sem áhersla er á leikinn sem grunnstoð alls náms, starfsfólk tileinkar sér faglega teymisvinnu og mótar jákvæða vinnustaðamenningu í skólanum.

Það sem við skólastjórar á Hádegishöfða metum sem eina mestu áskorun leikskólans varðar þá stöðu að leikskólakennurum fækkar og færri eru orðnir eftir sem eru að halda uppi því faglega skólastarfi sem vera á í leikskólunum samkvæmt lögum, aðalnámskrá og öðrum stefnumótandi gögnum. Leikskólastigið gegnir mikilvægu hlutverki í lífi barna sem fyrsta skólastigið, þar er lagður grunnur að öllu frekara námi barna. Fyrstu æviárin eru eitt mikilvægasta þroskaskeið mannsins þar sem heilinn þroskast hratt og grunnur er lagður að því hvernig einstaklingur, lærir, tjáir sig, myndar tengsl og tekst á við áskoranir í framtíðinni. Það umhverfi sem börn búa við á þessum árum og reynsla getur því haft langvarandi áhrif á framtíð þeirra. Þannig hefur málumhverfi barna í leikskólum áhrif á þróun læsis en þættir eins og orðaforði, málfræði, frásagnarhæfni og hlustunarskilningur leggja grunn að læsi og námsárangri síðar á skólagöngu einstaklings. Eins sýna rannsóknir að tengsl eru á milli orðaforða og skilnings barns um 2-3 ára aldur og lesskilnings þess um 16 ára aldur. Í leikskólanum er áhersla á nám í gegnum leik og skapandi starf en það er einmitt í gegnum leikinn sem þörfin fyrir fjölbreytta og skapandi nálgun vaknar sem felur í sér margþætt nám. Í þessu ferli eflist sköpunarkraftur og hugsun barna sem er mikilvæg forsenda nýsköpunar og þróunar. Leikurinn er því í senn markmið og leið í leikskólastarfi. Í leikskólanum er grunnur félagsþroska barna jafnframt að mótast. Þar sem þau t.d. læra í gegnum lífsleiki og félagsfærni að eiga í farsælum samskiptum, eignast vini, leysa úr ágreiningi og tilheyra hópi. Af þessu má sjá að það nám sem fram fer í leikskólum er umfangsmikið og mótar sterkan grunn fyrir áframhaldandi nám og þroska einstaklinga út lífið. Jafnframt undirstrikar þetta mikilvægi þess að leikskólar séu vel mannaðir leikskólakennurum og öðrum fagstéttum sem

móta sterkt lærdómssamfélag. Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggir fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara á öllum skólastigum. Gæði leikskólastarfs hafa ekki aðeins áhrif á líðan barna hér og nú heldur geta þau mótað framtíð þeirra til langs tíma. Fjárfesting í gæða leikskólastarfi er því fjárfesting í framtíð einstaklinganna sjálfra og samfélagsins í heild.

Guðmunda Vala Jónasdóttir og
Kolbrún Nanna Magnúsdóttir
skólastjórar Hádegishöfða

Leiðarljós leikskólans

Skólastarfið, stefnur og straumar leikskólans

Uppeldi og menntun í leikskóla byggir á sérstakri hugmyndafræði sem á sér stoðir í kenningum, rannsóknum og ritum fræðimanna varðandi hvernig börn þroskast og tileinka sér nýja þekkingu. Í Aðalnámskrá leikskóla birtist ríkjandi menntastefna á Íslandi sem ber að endurspegla í öllu leikskólastarfi. Hugmyndafræðilegur grunnur skólastarfs á Hádegishöfða er m.a. sóttur í heimspeki Reggio Emilia skólastarfs og hugmynda Loris Malaguzzi upphafsmanns þess starfs. Eins er horft til kenninga John Dewey varðandi skólastarf og lýðræði sem og lýðræðisvitund. Albert Bandura hefur fjallað um mikilvægi þess að efla trú einstaklinga á eigin getu og er það eitt af því sem við horfum til í okkar skólastarfi.

Velliðan barna er mikilvæg forsenda náms. Á Hádegishöfða er afar gott námsumhverfi sem gefur aukin tækifæri til að mæta ólíkum þörfum einstaklinga bæði hvað varðar rými og fjölbreyttari nálganir. **Leikurinn** í allri sinni fjölbreytni er þungamiðja alls leikskólastarfs á Hádegishöfða. Hann er megin námsleið barns lífstjáning þess og órjúfanlegur hluti bernskunnar. Rannsóknir sýna að í leik læri börn fjölbreytta færni sem er mikilvæg varðandi frekara nám þeirra. Þau eru m.a. að auka félagslega færni sína, gagnrýna og skapandi hugsun, skapa þekkingu, æfa fjölbreytt hlutverk og þær athafnir sem fylgja hverju hlutverki. Þannig læra börn að vera virkir þátttakendur í samfélaginu og auka skilning sinn á heiminum í kringum sig.

Í daglegu starfi Hádegishöfða er lögð áhersla á heildstæða menntun þar sem horft er til þess að vinna samhliða með vitsmunalegan, siðferðilegan og félagslegan þroska ásamt skapandi hugsun. Meginmarkmið leikskólastarfsins er að efla sjálfstæði, gleði og sköpunarkraft barna og efla virðingu þeirra fyrir sjálfum sér og öðrum. Þessi áhersla endurspeglar þá afstöðu að menntun snúist ekki einungis um yfirfærslu þekkingar heldur einnig um mótun gildismats, samskiptahátta og ábyrgðar. Einkunnarorð leikskólans, „Menntun hugans án menntunar hjartans er alls engin menntun“, undirstrika gildi þess að samþætta tilfinningalega og siðferðilega vídd menntunar við vitsmunalega færni. Tilvitnunin er sótt í heimspeki Aristótelesar. Við horfum til skilgreiningar Kristjáns Kristjánssonar prófessors varðandi hlutverk menntunar en þar kemur fram að hlutverk menntunar sé að „... gefa sem flestum kost að ná sem mestum þroska, að verða sem best eintök af tegundinni maður, miðað við þá möguleika sem búa í hverjum og einum. Slíkt sé kjarni hins góða lífs.“

Þessi sýn mótar ákveðinn ramma sem tengir markmið leikskólastarfs við breiðari hugmyndir um mannrækt, réttlæti og sameiginleg gæði auk þess sem hún styður þá niðurstöðu að menntun eigi að stuðla að jöfnum möguleikum.

Almennt um Hádegishöfða

Hádegishöfði er þriggja deilda leikskóli sem stendur við Fellabrún 9 í Fellabæ. Nafn skólans er fornt eyktarmark frá Ekkjufellsseli í Fellum. Nöfn deildanna eru Stekkur, Sel og Hagi. Á Stekk verða eins og tveggja ára gömul börn, á Seli verða þriggja ára gömul börn og á Haga verða fjögurra og fimm ára gömul börn. Hádegishöfði rúmar 60 börn samtímis. Leikskólinn er mjög vel staðsettur með Fellaskóla, íþróttastöðuna í fjölnotasalnum og gervigrasvöllinn í næsta nágrenni. Gott samstarf er við allar þessar stofnanir. Auk þessa er stutt út í óspillta náttúru sem og útikennslustofu sem Fellaskóli hefur komið upp og við höfum einnig afnot af.

Mannauður

Áherslur í samstarfi

Á Hádegishöfða leggjum við áherslu á að vinnustaðarmenningin sé jákvæð og hvetjandi og ýti undir samvinnu og samheldni. Jafnframt að gott samstarf sé á milli aðila og samskipti byggi á gagnkvæmri virðingu og trausti. Við höfum sett okkur leiðarljós í starfi sem taka mið af þessum áherslum. Leiðarljósin verða endurskoðuð í september og starfsmannasáttmáli sem byggir á þessum leiðarljósum undirritaður. Hvoru tveggja er hluti innleiðingar jákvæðs aga.

Móttaka nýrra starfsmanna. Þegar nýr starfsmaður byrjar kemur hann í viðtal til stjórnenda sem fara yfir helstu áherslur í skólastarfinu, réttindi og skyldur. Deildarstjórum er svo falið að sinna frekari aðlögun og koma honum inn í starfið. Unnið er samkvæmt móttökuáætlun. Það er sameiginleg ábyrgð allra starfsmanna að vel sé tekið á móti nýjum starfsmanni.

Handleiðsla er ekki með formlegum hætti en áhersla er á að gagnkvæmur stuðningur sé á milli starfsmanna og að við séum dugleg að deila upplýsingum og hlúa hvert að öðru.

Starfsmannaviðtöl eru einu sinni á ári þar sem viðtalsrammi frá mannauðsdeild Múlapings liggur til grundvallar. Deildarstjórar taka viðtöl við starfsfólk á deildum en skólastjórnendur taka viðtöl við deildarstjóra og annað starfsfólk s.s. stoðteymi og matráð. Kennarar og starfsfólk hafa ávallt aðgang að stjórnendum ef eitthvað er sem þeir vilja ræða. Áhersla er á

að deildarstjórar eigi samtal við kennara og starfsfólk á deildum um mál sem kunna að koma upp innan deilda áður en málum er vísað til skólastjórnenda.

Starfsfólk

Starfsmannahópurinn á Hádegishöfða er samansettur af einstaklingum sem hafa allt frá áralangri reynslu af skólastarfi yfir í nýliða sem eru að stíga sín fyrstu skref í skólastarfi, bakgrunnur hópsins er fjölbreyttur sem myndar skemmtilega heild.

Hlutfall leiðbeinenda við skólann er hátt og fyrir þetta skólaár, líkt og síðast liðin ár, erum við langt frá því að uppfylla ákvæði laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla varðandi hlutfall leikskólakennara við kennslu, umönnun og uppeldi. Hlutfall leikskólakennara á Hádegishöfða við kennslu, umönnun og uppeldi eru 20 % en lagaákvæðið segir að hlutfallið skuli vera að lágmarki 67%. Einn starfsmaður er með B.ed gráðu í leikskólafræðum og einn er í leikskólakennaranámi. Einn er með aðra háskólamenntun og einn þroskapijálfi, jafnframt er einn leikskólaliði starfandi í skólanum. Leiðbeinendur eru því 55% hlutfall starfsmanna leikskólans. Þessi staða er engan veginn ásættanleg en því miður ekki einsdæmi á Íslandi þar sem stétt leikskólakennara er að eldast og nýliðun og ásókn í leikskólakennaranám er ekki að ná að hækka hlutfallið því samhliða þessu er leikskólakerfið að þenjast út m.a. vegna aukinna krafna um að taka inn yngri börn. Jafnframt eru fleiri leikskólakennarar og þá sérstaklega yngri kennarar að sækja í auknu mæli inn í grunnskólana eftir lagabreytinguna varðandi eitt leyfisbréf kennara.

Stöðugildi á Hádegishöfða í september 2027 eru áætluð tæplega 16 og eru 20 starfsmenn sem fylla þau stöðugildi.

Fundur og samráð

Til að tryggja sem best upplýsingaflæði og samráð í skólanum horfum við til þess að halda eftirfarandi fundi, ritaðar eru fundargerðir á þessum fundum. Miðað er við að stjórnunarteymi skólans fundi vikulega, en það skipa skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar. Deildarfundir eru áætlaðir 2x í mánuði, 45 mínútur í senn. Starfsmenn leysa af á milli deilda. Starfsmannafundir eru tíu yfir skólaárið og eru þeir teknir á vinnutíma tveir klukkutímar í senn. Starfsmannafundir eru skráðir á skóladagatal.

Starfs- og námskeiðsdagar

Í Múlaþingi eru sex starfs- og námskeiðsdagar leikskóla á hverju skólaári. Starfs- og námskeiðsdagar eru skráðir á skóladagatal. Þessu til viðbótar sækja kennarar og starfsfólk ýmis námskeið að eigin ósk eða skólans í tengslum við skólastarfið og áhugasvið hvers og eins.

Hagnýtar upplýsingar

Heildarfjöldi og fjöldi á deildum

Í september 2026 verða 38 börn í skólanum og er aldursskiptingin sem hér segir:

Á Haga verða 16 börn, 5 fædd 2021 og 11 fædd 2022.

Á Seli verða 11 börn fædd 2023

Á Stekk verða 11 börn, 7 fædd 2024 og 4 fædd 2025.

Í janúar 2027 bætast svo við börn sem náð hafa eins árs aldri.

Aðlögun og flutningur á milli deilda

Þegar barn byrjar í leikskóla er það stór stund í lífi bæði þess og foreldranna. Fyrir margar fjölskyldur eru þetta tímamót sem krefjast breytinga og geta valdið álagi. Til að auðvelda börnunum og foreldrum þessar breytingar höfum við á Hádegishöfða valið að fara þá leið að hafa þátttökuaðlögun. Aðlögunin byggir á fullri þátttöku foreldranna í starfi leikskólans þá daga sem hún á sér stað.

Þegar börn flytjast á milli deilda höfum við farið í gegnum ákveðið aðlögunarferli sem felur í sér að árgangurinn sem er að færast um deild hefur heimsótt deildina með markvissum hætti með það fyrir augum að þau þekki sig vel og verði örugg í nýju umhverfi.

Viðbótarkennsla Hádegishöfða 2026 - 2027

Skólaárið 2026-2027 verður áfram starfandi stoðteymi við leikskólann sem heldur utan um viðbótarkennslu og frumgreiningu. Teymið starfar áfram undir stjórn sérkennslustjóra og í samvinnu við skólastjóra, en skólastjóri sinnti starfi sérkennslustjóra s.l. skólaár sem og hlutverki tengiliðar út frá farsældarlöggjöfinni. Stefnt er að því að þessi störf verði ekki samþætt á þessu skólaári. Sérkennslustjóri fundar með hverjum deildarstjóra amk. 1x á önn þar sem farið er yfir náms- og þroskastöðu barnanna á deildinni, hvaða forsendur séu fyrir stofnun mismunandi hópa til að mæta þörfum barnanna s.s. málörvun, fín- og grófhreyfingar, félagfærni o.fl. Á þessum fundum er einnig ákveðið á hvaða tímum deildin

þarf stuðning til að sinna einstaka börnum eða hópum. Þetta skipulag er í anda snemmtækrar íhlutunar, inngildandi skólastarfs og farsældarlöggjafar. Mánaðarlega og oft og ef þarf, eru samráðfundir hjá teyminu þar sem farið er yfir hvað er framundan og ef endurmeta þarf einhverja þætti. Teymið aðstoðar og veitir ráðgjöf á deildum varðandi einstök börn. Stoðteymið gegnir jafnfram hlutverki lausnateymis samkvæmt þrepaskiptum stuðningi. Skipað hefur verið nemendaverndarráð við leikskólann og í því sitja skólastjóri, sérkennslustjóri, leikskólafulltrúi og skólahjúkrunarfræðingur. Ráðið fundar mánaðarlega.

Húsnæði, lóð og öryggismál

Húsvörður er starfandi á Hádegishöfða í 25% starfi sem hefur m.a. það hlutverk að fara yfir öryggi á lóð í upphafi hvers dags og sinna minniháttar viðhaldi á húsnæði og lóð. Eins sinnir hann léttari snjómokstri og hálkuvörn auk þess sem hluti innra eftirlits er á hans ábyrgð. Vinnueftirlit, heilbrigðiseftirlit og brunaftirlit taka út húsnæði og lóð og koma með tillögur að úrbótum varðandi þá þætti sem uppfylla ekki kröfur. Við leikskólann er starfandi öryggisteymi sem tekur til umfjöllunar skýrslur úttektaraðila og vinnur úrbótaáætlun sé þess þörf. Húsvörður situr í þessu teymi og sér til þess að unnið sé að úrbótum samkvæmt áætluninni.

Foreldrasamstarf

Áherslur á skólaárinu

Líðan og velferð barns byggir meðal annars á góðu samstarfi heimilis og skóla. Samstarfið þarf að einkennast af gagnkvæmu trausti og virðingu. Á Hádegishöfða er áfram unnið að uppbyggingu skólasamfélags sem einkennist af þessum þáttum og horft er til þess að foreldrar þekkja börnin sín best og að mestur árangur næst þegar gott og traust samstarf er á milli þessara aðila.

Þátttaka foreldra í skólastarfinu

Í júní og ágúst verða samtöl við foreldra þeirra barna sem hefja leikskólagöngu sína í haust þar sem skólastarfið verður kynnt og foreldrar miðla upplýsingum um sitt barn. Stefnt er á að halda deildarskipta kynningarfundum fyrir foreldra í haust þar sem skólastarfið verður kynnt sem og áherslur og nálganir. Foreldrar fá auk þess nánari kynningu á skólastarfinu í foreldrasamtölum í nóvember sem og mars/apríl.

Viðburðir þar sem foreldrum er boðið sérstaklega að koma í leikskólann og taka þátt í starfinu með börnum sínum verður m.a. í desember, á degi leikskólans 6. febrúar og vorhátíð leikskólans. Þessu til viðbótar eru foreldrar útskriftarbarna boðuð sérstaklega í skólann í tengslum við útskriftina. Í tengslum við daga myrkurs hefur foreldrum verið boðið að koma og kveikja á kerti í lukt sem barn þeirra hefur útbúið. Í desember er jólaföndur þar sem foreldrum er boðið að koma og taka þátt með barninu. Á degi leikskólans er opið hús þar sem börn bjóða til sín gestum sem taka þátt í leikskólastarfinu með okkur. Í maí er útskrift elstu barna leikskólans þar sem foreldrar þeirra eru boðaðir í útskriftarathöfn á sal skólans. Í lok maí er vorhátíð leikskólans sem er samstarfsverkefni foreldrafélagsins og skólans.

Fræðsla og upplýsingar til foreldra

Upplýsingar um skólastarf á Hádegishöfða má finna á heimasíðu Múlapings undir þjónusta - leikskólar [Hádegishöfði | Múlaping](#) þar er að finna ýmsar upplýsingar varðandi skólastarfið s.s. skóladagatal og ýmsar stefnur og áherslur. Til viðbótar eru sendir reglulega tölvupósta til foreldra varðandi deildarstarfið og ýmsa þætti skólastarfsins.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfrækt við skólann. Markmið foreldrafélaga er að efla tengsl forráðamanna við starf skólanna og tryggja velferð barnanna sem best. Allir forráðamenn verða sjálfkrafa félagar um leið og börn hefja skólagöngu sína. Innheimt er mánaðarlegt félagsgjald kr. 500 pr. heimili, gjald þetta innheimtist samhliða leikskólagjöldum.

Foreldraráð

Foreldraráð er starfrækt við skólann, í því sitja þrír foreldrar og starfar skólastjóri með ráðinu. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Áheyrnarfulltrúar í fjölskylduráði

Leikskólar í Múlapingi eiga áheyrnarfulltrúa í fræðsluráði sem sitja fundi þegar fjallað er um málefni leikskóla. Áheyrnarfulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt á fundunum.

Áheyrnarfulltrúar koma úr röðum foreldra, starfsmanna og stjórnenda, þegar verið er að

óska eftir áheyrnarfulltrúum er horft til þess að þeir dreifist á milli leikskóla í sveitarfélaginu þannig að sem best yfirsýn skapist. Skólaárið 2026 – 2027 kemur vara áheyrnarfulltrúi kennara frá Hádegishöfða.

Samstarf

Fjölskyldusvið – Skóla- og frístundaþjónusta

Leikskólar í Múlaþingi heyra undir Fjölskyldusvið og sinnir skólaþjónusta Múlaþings sérfræðilegum stuðningi við grunn- og leikskóla í sveitarfélaginu skv. reglugerð um hlutverk og markmið skólaþjónustu 2. gr. Jafnframt byggir Skólaþjónusta Múlaþings starfsemi sína á lögum samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Nemar

Samstarf er á milli Hádegishöfða og Háskóla Íslands sem og Háskólans á Akureyri varðandi menntun leikskólakennara sem felur í sér móttöku á kennaranemum í vettvangsnám. Jafnframt er samningur við Háskóla Íslands varðandi móttöku þroskaþjálfanema.

Samstarf við Fellaskóla

Fellaskóli og Hádegishöfði hafa í gegnum árin þróað afar gott samstarf sem byggir á því markmiði að auðvelda börnum flutning á milli skólastiga og skapa samfellu í námi barna. Samstarfið nær yfir allt skólaárið og byggir að mestu á heimsóknnum elsta árgangs Hádegishöfða í Fellaskóla. Að vori er haldinn samráðsfundur vegna barna sem eru að hefja grunnskólagöngu með það að markmiði að mæta þörfum barnanna sem best þegar þau flytjast á milli skólastiga.

Annað samstarf

Hádegishöfði er í samstarfi við ýmsa fagaðila varðandi hag barnanna, en það eru:

- ✓ Skóla- og frístundaþjónusta Múlaþings
- ✓ Barnavernd Múlaþings
- ✓ Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins
- ✓ Sálstofan
- ✓ HSA
- ✓ Lögreglan o.fl.

Aðrir samstarfaðilar í skólastarfinu eru m.a.;

- ✓ Slökkviliðið í gegnum forvarnar- og fræðslustarf

- ✓ Minjasafnið hefur heimsótt okkur á bóndadag með fræðsluefni um fyrri tíma auk þess sem ákveðnir árgangar hafa heimsótt safnið.
- ✓ Jónína Elíasdóttir á Hafrafelli en hún fær matarafganga frá skólanum sem hún nýtir í fóður fyrir hænur, endur og gæsir en þetta samstarf varð til í gegnum grænu skrefin sem við tökum sem skóli á grænni grein og styður við sjálfbærni.
- ✓ Tannlæknastofan á Egilsstöðum varðandi fræðslu í tengslum við tannverndarvikuna.
- ✓ Hulda og Gulli á Gistihúsinu en þau bjóða elsta árgangi leikskólann árvisst í heimsókn í desembermánuði.

Lokaorð

Að baki farsælu skólastarfi er skólamenning sem styður samstarf og fjölbreytta kennsluhætti. Kennarar gegna lykilhlutverki í öllu skólastarfi og því er mikilvægt að leita allra leiða til að fjölga starfandi kennurum á leikskólastiginu.

Nám í leikskóla er grunnur alls frekara náms. Þróun faglegs lærdómssamfélags er lykilþáttur varðandi aukinn árangur barna og faglegs skólastarfs þar sem bæði fullorðnir og börn upplifa að þau fái notið sín í inngildandi skólastarfi þar sem hver og einn fær að vaxa og dafna á eigin forsendum og styrkleikum. Von okkar er að skólastarf á Hádegishöfða haldi áfram að vaxa og dafna, að leikskólakennurum fjölgi og að samfélagið stígi markviss skref í átt að enn barn- og fjölskylduvænna umhverfi með aukinni virðingu og viðurkenningu á mikilvægi þess að við stöndum vel að fyrsta skólastiginu.

Guðmunda Vala Jónasdóttir og
Kolbrún Nanna Magnúsdóttir
skólastjórar Hádegishöfða